

Nd.

325. Tillaga

til þingsályktunar um að fresta veitingu nokkurra embætta.

Flutningsmaður: Tryggvi Þórhallsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að veita ekki þau embætti, ef losna, sem hjer verða talin á eftir, fyr en Alþingi hefir gefist kostur á að kveða á um, hvort þau skuli lögð niður eða sameinuð öðrum: Sýslumannsembættin í Snæfellsnes-, Dala-, Barðastrandar-, Stranda-, Eyjafjarðar-, Skaftafells-, Rangárvalla- og Árnessýslum og lögreglustjóraembættið á Siglufríði, landlæknis- og bæjarlæknisembættið í Reykjavík, aðstoðarverkfræðinga-

embættin hjá vegamála- og vitamálastjóra, skógræktarstjóraembættið, prófessorsembætti í guðfræði og dósentsembættið í grísku við háskólann, fræðslumálastjóra- og bankaeftirlitsmannsembættin.

Greinargerð.

Undanfarin ár hafa verið gerðar margar tilraunir til að fækka embættismönnum ríkisins, en lítið á unnist. Ein höfuðástæðan gegn fækkuninni hefir oft verið sú, að maður væri fyrir í embættinu, sem ekki mætti kasta út á kaldan klaka. Tilgangur tillögunnar er sá, að Alþingi geti gefist kostur á að kveða á um niðurlagningu embættanna, er þau eru laus, og eru í henni talin flest þau embætti, sem talið hefir verið fært að leggja niður eða sameina öðrum.